um till. til þál. um lýsisherzluverksmiðju.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt tillöguna á fundum sínum og leitað umsagnar nokkurra aðila um hana.

Nefndin mælir einróma með því, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna möguleika á sölu hertrar síldarfeiti á erlendum mörkuðum og gera að öðru leyti rækilegar rannsóknir á því, hvort nú sé orðið tímabært að byggja verksmiðju til herzlu síldarlýsis, samkv. ákvæðum laga nr. 93 frá 1942.

Sýni rannsóknirnar hagstæða útkomu, skal þegar kanna til hlítar, hvar verksmiðjan skuli staðsett, og að því loknu hefja undirbúning að byggingu hennar.

Alþingi, 3. maí 1965.

Jón Árnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Matthías Bjarnason, frsm.

Ingvar Gíslason. Geir Gunnarsson. Halldór E. Sigurðsson.

Vilhjálmur Hjálmarsson. Óskar E. Levy.

Jónas Pétursson.